

Hryðjuverk og hatur kvenfrelsaranna. Fórnarlambsmangerðin

Árið 2018 kom út merkileg bók: „Kvenfrelsari á röngunni í stjórnmalunum: Um að stofna hreyfingu með tæfum, brjálæðingum, lespum, undrabörnum, stríðsmönnum og undrakonum (A Politically Incorrect Feminist: Creating a Movement with Bitches, Lunatics, Dykes, Prodigies, Warriors, and Wonder Women. Höfundur er nafntogaður kvenfrelsari og sálfræðingur, Phyllis Chesler (f. 1940), stórveldi í röðum kvenfrelsara. Hún hefur skrifað fleiri bækur um hugðarefni sitt. Phyllis hefur m.a. sagt:

„Það er ljóst, að kvenkyns kvenfrelsarar verða hægt og bítandi að ná undirtökunum í opinberum stofnunum og félögum (social institutions) og drottna yfir þeim- [Þ]að vinnur einfaldlega gegn hagsmunum kvenna að styðja feðraveldið eða jafnvel hið upplogna „jafnrétti“ við karla.“

Hún ítrekar: „[Í] mínum huga er enginn leið önnur fær til að sigrast á feðraveldinu eða velta því úr sessi, en að hrifsa völdin.“ Í draumi Phyllis verður hið goðsagnakennda kvennasamfélag (Amasónurnar) endurreist, þar sem „... allar konur virtust geta stefnt að og öðlast fullkominn mannleika.“ Öðru máli gegnir um karla: „[E]invörðungu karlar, væri þeim á annað borð leyft að tóra, voru valdalausir og kúgaðir á fjölmörgum sviðum.“

Skoðanir hennar eru býsna dæmigerðar fyrir hugarheim kvenfrelsaranna; karlar eru vondir að upplagi, hafa ævinlega kúgað konur, nauðgað þeim og barið, brugðið fyrir þær fæti með öllum ráðum. Því ber að hefna sín á körlum, velta þeim úr sessi, gelda þá og fækka þeim. Drengi, sem fæddir eru nauðgarar og kvenfjandar, þarf að tukta til í uppeldinu og kenna þeim rétta karlmennsku. Það gera konur eða kvenfrelsunarkarlar.

Flestir, sem eru „ved fulde fem“ hrista væntanlega hausinn yfir slíku hugarfari og aðgerðaáætlun. Skiljanlega! En við höfum sofnað á verðinum. Þetta ofstækisfólk er á góðri leið með að valda skelfilegri óhamingju í samfélaginu og hefur náð undirtökunum við stjórn þess.

Nýsjálenski stjórnfræðingurinn og heimspekingurinn, Kenneth Robert Minogue (1930-2013) : „... [e]vrópsk menning hefur orðið fyrir árás innan frá og lotið í lægra haldi. Og enginn hefur fyllilega gert sér grein fyrir því. Bylting hefur átt sér stað, en farið hljótt. Það hefur gerst smám saman og laumulega, þannig að fólk hefur vanist henni.“ Kenneth hittir naglann beint á höfuðið.

Phyllis gefur okkur ábendingu um, hvers konar fólk skipar kvenfrelsunarhreyfinguna. Eftir að hafa þulið upp fjölda kunnra kvenfrelsara, sem greinilega hafa búið við andlegar kaunir, segir hún:

„Það er auðvelt að nefna tuttugu kvenfrelsunarfrumherja til viðbótar, sem voru mér kærir og unnu þrekvirki, en voru bágstaddir, laskaðir af þunglyndi eða öðrum andlegum bágingum.“ Það var auðvitað við feðraveldið að sakast.

Ofbeldishugsunin er svo sannarlega aldrei langt undan. Þegar um miðja nítjándu öldina, lét einn frumkvöðla kvenfrelsunar, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902) skoðun sína á körlum í ljós:

„Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“

Þetta hefur verið viðkvæðið allar götur síðan. Boðskapnum er haldið að drengjum og körlum. Í upphafi voru boðberarnar háðir styrkjum frá auðkýfingum, en síðustu hálfu öldina eða svo, hefur ríkisvaldið tekið undir, sett löggjöf um frelsun kvenna frá körlum og fjármagnað trúboðið. Samtímis hefur það sett á stofn ógnarlegt skrifræði um málaflokkinn. Sama þróun hefur orðið á alþjóðavettvangi. (Sjá t.d. bók Frank S. Zepezauer: *The Feminist Crusade: Making Myths and Building Bureaucracies.*)

Samtímis kvenfrelsunarskrifræðisvæðingunni hafa kvenfrelsarar lagt meira eða minna undir sig æðri menntun á Vesturlöndum. Háskólar hafa orðið miðstöð trúboðs þeirra. Eins og kunnur kvenfrelsari, Christina Hoff Sommers (f. 1950), sagði eitt sinn; goðsagnir um karlana eru búnar til með kvenfrelsunarrannsóknum og síðan er hrært í stjórnáramönnum. Í kjölfarið er seilst í vasa skattgreiðenda eftir aurum eða löggjöf samin til að vinna bug á tilbúnum vanda.

Það þarf vart að taka fram, að þau gervivísindi, sem um ræðir, eru kölluðu „kynjafræð“ (gender studies). Þau grundvallast á fyrrgreindum fullyrðingum um samskipti kynjanna og kvenfrelsunarsöguskoðun. Niðurstöður „rannsókna“ ganga aldrei í berhögg við gefnar forsendur. Vísindagrín! Þessa nálgun má reyndar finna í nær öllum greinum, sem endurspeglast í heitum eins og kvenfrelsunarumhverfisfræði, - jöklafræði og- eðlisfræði.

En hugsanlega er andóf í fæðingu á þessum vígstöðvum. Það ber vissulega brýna nauðsyn til að hrista kvenfrelsunarlög af æðri menntun. Það er einmitt stefnan í

nýjum háskóla í Flórída. Einn stjórnarmanna hans, Chris Rufo, segir skorinort, að nú skuli unnið gegn ágangi kynja- og kynleysufræðanna á háskólanám. Björgunaraðgerðin kynni þó að koma of seint.

Ofbeldi er snar þáttur stríði kvenfrelsaranna gegn körlum og samfélagi. Í baráttu bresku „súffanna“ (suffragettes) kastaði þó tólfunum. Þær beittu harðskeyttum hryðuverkahernaði, drápum og skemmdarverkum. (Sjá t.d. bók Simon Webb: The Suffragette Bombers: Britain's Forgotten Terrorists.)

Og viðkvæðið var þá og er enn: Óhamingja og andleg veikindi kvenna eru körlum að kenna. Annar þungaviktarkvenfrelsari, Mary Daly (1928-2010), staðhæfði t.d.:

„Sérhver kona, sem komist hefur til vitundar, minnst nær því óendanlegrar raðar atburða kúgunar, ofbeldis, niðrunar og árása á sjálfa sig. Hverri og einni konu er misþyrmt með svona árasum - hún er sálarlega sundurkramin.“

Á slíkum grundvelli er skiljanleg sú hugsun, að „[þ]egar karlar sýna ranglæti, er það vegna þess, að þeir eru karlar. Þegar konur sýna ranglæti, er það vegna þess, að þær eru fórnarlömb karla.“ (Janice Fiamengo). Það er svo sem ekki að furða, að kvenfrelsunarhugmyndafræðingar segi karla eitraða.

Og samkvæmt téðri Mary Daly (1928-2010) hafa karlar spúð eitri sínu yfir jörðina, ekki síður en konur: „Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhliða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlanna.“

Samkvæmt kvenfrelsurum fer ekki milli mála, að konur séu fórnarlömb.

Undavillingarnir meðal þeirra, sem í engu kannast við sundurkramda sál sína, líða fyrir skort á rétttri vitund. Þeim þarf að hjálpa til betri vitundar, til að horfast í augu við kúgun sína.

Fórnarlambsskynjun kvenna hefur nýlega (2020) orðið ísraelskum vísindamönnum rannsóknarefni. Rahay Gaby og félagar 2020 rannsökuðu tilhneiginguna til að líta á sjálfan sig sem fórnarlamb.

Niðurstöður benda til, að „tilhneiging til fórnarlambsskynjunar sé skýr og stöðug tilhneiging í manngerðinni. Höfundar segja: „... að fórnarlambsskynjun – bæði meðal einstaklinga og hópa – sé tengd fjórum þáttum: þörf fyrir viðurkenningu, siðferðilegri

yfirburðahyggju, skorti á samúð og hæfni til íhugunar.“ Fátt lýsir ofstækiskvenfrelsurum betur.

Það er ekki bara svo, að kvenfrelsurum sé tamt ofbeldi gegn körlum, skemmdar- og hryðjuverk. Þeir eru hvor öðrum illir. Janice Fiamengo segir t.d. sögu af Andrea Dworkin (1946-2005). Einhverju sinni hélt hún fyrirlestur fyrir kynsystur sínar í trúnni á karlillskuna. Þær voru samkynhneigðar, en Andrea – eftir öllum sólarmerkjum að dæma- var til beggja kynja. (Talaði meira að segja vel um föður sinn.)

Umburðarlyndið á þeim bæ var harla takmarkað; Andrea var lögð í einelti af aðsóknarsjúkum kynsysturum. Aðförin að Andrea var svo heiftúðug, að hún afneitaði tvíkynhneigð sinni, enda var slíkt talin svik við kvenlega samkynhneigð.

En sjálf var Andrea ekki systranna best, þegar karlhatur er annars vegar. Eftirtalin ummæli koma úr huga hennar:

„[Karlinn] lifir og hrærist í anda yfirburða sinna, sem hann rekur til tilvistar reðsins. [Konan] hrærist í heimi niðurlægingar og líttillækkunar, þar eð hún er talin óverðug. Kynferðið er bölvun hennar.“ (Andrea Dworkin (1946-2005)

„Sonur sérhverrar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna.“

„Mig dreymir um að sjá karl svo lúbarinn, að hann liggja í blóðbaði með skóhæl á kafi í munni sér sem væri epli í gini svíns.“

Það eru fleiri en Phyllis, sem líta um öxl og sjá svipaða sjón. Rithöfundurinn, Robin Morgan (f. 1941), skrifaði fyrir margt löngu (1978) ritgerðina, “Seilst of langt: persónlegur annáll kvenfrelsara (Going Too Far: The Personal Chronicle of a Feminist). Robin gerir m.a. að umtalsefni illsku í garð samherjanna:

Ég „varð vitni að því, að margir bestu hugsuða minnar kynslóðar kvenfrelsara urðu brjálaðir af örvæntingu og óþolinmæði; ... að „[a]llri þessari stórkostlega orku, sem fór í að berjast gegn hver annarri, [...]; svo mikilli, falskri eftirvæntingu, sjálfsvissu og fordæmingu; [auk] slúðurs, ásakanana, gagnásakanana og rógburðar – sem allir gripu á lofti og lögðu stundum trúað á, án sönnunargagna.“

Handan Atlantsála heyrast svipaðar raddir. Sjálft kvenfrelsunarvígið, Svíþjóð, skelfur nú og nötrar vegna skuggalegs hátternis ofurkvenfrelsuardrottningar sænskra, Linda

Skugge. Dýrkun Lindu var með þeim ósköpum, að bækur hennar voru kenndar í skólum. En nú er drottningin blönk og helgislepjan runnin af henni.

Tvöfeldni, tækifærishugsun og hræsni virðist býsna algeng í herbúðum kvenfrelsaranna. Stundum er hún spaugileg eins og í tilviki Lindu, en ekki síður, þegar þeir garga og góla um jöfn hlutföll kynjanna tveggja í atvinnulífinu. Því þrátt fyrir öll kynin Svandísar og Katrínar, er enn barist við karla í atvinnulífinu. Karlar eru gjaldgengir í skítverken, en skulu víkja á öðrum vettvangi, þegar konum dettur það í hug. Skynji þeir ekki sinn vitjunartíma, er dúndrað á þá kæru fyrir það, sem íslenskufrömuðir RÚV kalla „kynferðisbrot.“

Eitt magnaðasta tilvik af þessu tagi eru falskar ásakanir hinnar áströlsku Brittany Higgins. Hún ásakaði starfsbróður í starfsliði ríkisstjórnarinnar fyrir nauðgun. Í kjölfarið fór Ástralía á annan endann, Brittany voru greiddar hár skaðabætur af almannafé, jafnvel þótt um lygar væri að ræða. Eins og skiljanlegt má teljast er hún komin í starfsþjálfun hjá Sameinuðu þjóðunum.

Neikvæðni og ásakanir um nauðgun glymur í eyrum drengja dag út og dag inn. Viðmótið er eftir því. Helsta leið kvenfrelsaranna til að brjóta niður karlmann felst m.a. í því, að svipta hann sjálfsskilningi sínum og sjálfskennd, afneita sjálfum sér og kyni sínu. Þetta er heilabvotti líkast. Hann hefur lukkast, þegar karlarnir afneita sjálfum sér og kynferði sínu, biðjast afsökunar á því, helteknir sektarkennd.

Þetta er raunar keimlíkt þekktri heilþvottaaðferð, t.d. beitt af Kínverjum með góðum árangri. Bandaríski geðlæknirinn, Robert Jay Lifton (f. 1926), skrifaði um þetta bók árið 1961. Hann segir:

„Það skiptir öllu máli að valda skaða á sjálfsmynd [fanganna]. Gerðu þér í hugarlund einstakling, sem jafnaðarlega er barinn. Reynt er að koma honum í skilning um, að barsmíðarnar séu honum sjálfum að kenna, að hann sé vandamálið. Og væri hann ekki svo slæmur, sem raun bæri vitni, hefði aldrei komið til barsmíðanna. Smám saman dofna sjálfsmyndin fyrir hugskotssjónum og með tímanum skynjun sjálfs sín (perspective). Hann fer að samsama sig böðlinum og tekur jafnvel afstöðu með honum.“

Slíkur maður er heltekinn sektarkennd og sjálfsfordæmingu eins og karlangarnir, sem bognað hafa og brostið undan kvenfrelsunarmisþyrmingunum. Drengir og karlar verða stöðugt meira utanveltu í samfélagi og skólakerfi. Þeir eru geltir í óeiginlegum skilningi. Kvenlegt skólakerfi er þeim óvinsamlegt. Það ræður t.d. engan veginn við

fyrirferðamikla stráka. Þeir eru umvörpum sjúkdómsgreindir – einkum með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD). Og auðvitað eru margir dópaðir, sumir verða fíkniefnasjúklingar, aðrir drepa sig.

Draumur bágstaddra kvenfrelsara, sem nú berjast líka hatrammlega gegn kyni og hvalveiðum, hefur ræst. Reitt hefur verið til smiðshöggins.

En ég kæri mig kollóttan, enda kynbreyttur og frelsaður, hef viðurkennt syndir feðranna og formælt karlkyninu norður og niður. Því sökkti mér barasta sæl og glöð niður í splunkunýja bók, eftir fluggáfaðan kvenfrelsara, Marcie Bianco.

Bókin heitir: „Losað úr viðjum: Lygin um jafnrétti og kvenfrelsunarstríðið (Breaking Free: The Lie of Equality and the Feminist Fight for Freedom). Meginboðskapurinn er, að „jafnrétti sé föðurveldishugsjón, kynþáttahatur, sem viðhaldi kerfisbundinni kúgun kvenna.“ Hlakka til stefnumóts við Marcie.

https://fiamengofile.substack.com/p/new-college-of-florida-is-right-and?utm_source=cross-post&publication_id=846515&post_id=136611755&isFreemail=true&utm_campaign=1350013&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/boys-and-education-part-one-socializing?utm_source=substack&utm_medium=email#play

[Hun var den ukronede dronning af svensk feminisme. Nu rykker hun ind på OnlyFans – men handler det om kamp eller ussel mammon? \(berlingske.dk\)](https://berlingske.dk)

https://menaregood.substack.com/p/red-pill-relationships-8-women-the?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://frettin.is/2023/08/30/tvofalt-sidgaedi-feminista/>

https://menaregood.substack.com/p/addiction-to-victimhood?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0191886920303238>

https://menaregood.substack.com/p/chess-men-and-trans?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-16-misandrist-buses?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/boys-and-schools-activism?utm_source=substack&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/fear-loathing-and-womens-lib?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-17-mens-suicide-an?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/maryland-report-boys-men-and-suicide?utm_source=substack&utm_medium=email

[Albert Thorn found guilty of executing Bradley Lyons in shallow bush grave after vigilantes tortured him- ABC News](https://www.abcnews.com/news/2020/07/16/albert-thorn-found-guilty-of-executing-bradley-lyons-in-shallow-bush-grave-after-vigilantes-tortured-him/)

https://fiamengofile.substack.com/p/the-campaign-against-child-sex-trafficking?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-15-feminist-lies-but?utm_source=substack&utm_medium=email#play

https://fiamengofile.substack.com/p/feminisms-roots-in-terrorism?utm_source=substack&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/meet-the-new-feminist-hate-same-as?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/feminist-capture-of-justice-system?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/the-feminist-crusades-making-myths?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/excerpt-the-feminist-crusades?utm_source=substack&utm_medium=email

<http://ontology.buffalo.edu/smith/courses01/rrtw/Minogue.htm>

https://menaregood.substack.com/p/brainwashing-feminism-and-men-part?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/confess-to-survive-the-workings-of?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/inflating-campus-sexual-assault-statistics?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/addiction-to-victimhood?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/chess-men-and-trans?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-16-misandrist-buses?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/boys-and-schools-activism?utm_source=substack&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/fear-loathing-and-womens-lib?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-17-mens-suicide-an?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/maryland-report-boys-men-and-suicide?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/the-woke-war?utm_source=substack&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/the-campaign-against-child-sex-trafficking?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-15-feminist-lies-but?utm_source=substack&utm_medium=email#play

https://fiamengofile.substack.com/p/feminisms-roots-in-terrorism?utm_source=substack&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/meet-the-new-feminist-hate-same-as?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/feminist-capture-of-justice-system?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/old-white-men?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/the-feminist-crusades-making-myths?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/excerpt-the-feminist-crusades?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/brainwashing-feminism-and-men-part?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/confess-to-survive-the-workings-of?utm_source=substack&utm_medium=email

[Dear Woman- YouTube \(archive.org\)](#)